



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 24. október 2014, kl. 12:00 í Fjölheimum á Selfossi

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir, Elva Dögg Þórðardóttir, Gunnar Þorgeirsson, Sigurdís Guðjónsdóttir og Þorvarður Hjaltason. Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir sitja einnig fundinn og ritar Ragnhildur fundargerð.

Fundarefni:

1. Lógó Markaðsstofunnar – tillögur

Umræða hefur farið fram vegna lita í lógó Markaðsstofunnar, þeir passi ekki alltaf við græna litinn sem er notaður í kynningarefni landshlutans. Merkið þurfi einnig að vera til svart/hvítt. Dagný fer yfir tillögur frá Ragnheiði hönnuði og voru fundarmenn sammála um að gott væri að eiga merkið í nokkrum litum, þar á meðal í grænu.

2. Ný heimasíða – staðan

Ragnhildur sýnir útlitið á nýju síðunni og fer yfir hvernig staðan er. Stefnt er að því að geta sýnt málþingsgestum nýju síðuna.

3. Samningar við sveitarfélögin – staðan

Dagný og Gunnar settu upp bréf til sveitarfélaganna og bréf sent 8. okt. Þar var óskað eftir endurnýjun samninga milli sveitarfélaganna og Markaðsstofu Suðurlands. Sveitarstjórnnum var boðið Markaðsstofan kæmi og kynnti starfsemina yrði þess óskað. Gjald var hækkað miðað við verðlagsþróun síðustu ára.

Lagt var til að dagskrá málþingsins yrði send á sveitarstjórnarmenn sem fyrst.

4. Fjármál Markaðsstofunnar – Staðan, ársreikningar/bókhald

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í dag og er hún ekkert sérlega góð. Framkvæmdastjóri fer í greiningarvinnu og leitar úrræða.

5. Styrkir til ýmissa málaflokka

Undanfarið hafa fjölmargir leitað til Markaðsstofunnar vegna styrkja fyrir ýmis konar málefni. Stjórn sammála um að eins og staðan er í dag þá verði ekki veittir styrkir út árið.

6. Sýningar – það sem er framundan

Framundan eru tvær sýningar, Mannamót 22. janúar og Mid-Atlandic 5.-6. febrúar. Skráning á Mid-Atlandic stendur yfir fram í lok október, ákveðið að taka þátt í sýningunni.

7. Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Markaðsstofunnar verður þann 7. nóvember í Vík í Mýrdal. Um daginn fer fram málþing þar sem farið verður yfir könnun meðal aðila og unnið að nýrri stefnumótun fyrir Markaðsstofuna. Seinni partinn verður farin stutt ferð um Vík og nágrenni með leiðsögn frá heimamanni. Uppskeruhátíðin hefst svo kl. 19:30 á fordrykk og borðhald hefst kl. 20.

8. **Önnur mál**

Vestnorden gekk almennt vel, skipulagðir fundir voru 20 auk annarra óformlegra funda. Farin var ein ferð um Ríki Vatnajökuls og á Kirkjubæjarklaustur. Ákveðið var að útbúa ákveðnar verklagsreglur varðandi svona ferðir sem Markaðsstofan kemur að.

Fundi slitið 13:35